

muni nú niður fallinn, síðan lögin 15. apríl 1854 um siglíngar 1858.
og verzlun á Íslandi voru sett, og felur oss að lyktum á vald, 20. desbr.
hvort gefa skuli bæjarráðinu vísbendingu nokkra í þessari grein.

Vér mælumst því til, að hið konúgl. ráðuneyti skýri bæjar-
ráðinu í Altóna frá, að fyrirmæli 7. greinar í opnu bréfi 28.
marz 1787 um skipstjóraeiðinn sè nú úr lögum teknar, með
því að 4. gr. í verzlunarlögunum 15. apríl 1854 (samanborin
við lög 16. febr. 1856) og 5. grein mæli fyrir, hvernig nú
skuli útvega sèr og skila aptur íslenskum leiðarbréfum.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á 24. desbr. Íslandi, um vogrek.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, í bréfi yðru 8. september
í haust skýrt oss frá, að á Skúmstaða fjöru hafi rekið búi af
siglutré eður brandi, 20 álna lánan, er virtur hafi verið á
18 rd. 24 sk., og berið síðan undir oss, hvort eigandi rekans
skyldi eigi mega eignast vogrek þetta, þá er farið hefir verið
með það sem lög mæla fyrir, sjá opið bréf 2. apríl 1853, sbr.
opið bréf 4. maí 1778 2. gr., eður hvort hann þá mætti eigi
eignast það með þeim skildaga, að hann greiði í jarðabókar-
sjóðinn svo mikið fè, sem virðingar verð trësins var meira en
bjarglaun þess, þá er lögtími er liðinn frá lýsing vogreksins í
yfir dóminum.

Þessu máli skulum vér svo svara, sjálfum yður til eptir-
sjónar og til auglýsingar, að dómsmálastjórnin getur eigi álitid
eiganda rekans eiga tilkall að lögum til siglutrés þessa, með
því að sjálfsagt sè, að þá er vogrek er virt, skuli meta verð
þess allt; en því er hún eigi mótfallin, að maðurinn fái trèð
keypt því verði, er það var virt, og hafi hann bjargað trènu
undan sjó, er eigi verður þó á málinu sèð, þá skal hann taka
einn þriðjung virðingarverðs að bjarglaunum, en lúka hina tvo
í jarðabókarsjóðinn.